

Fundur í fagráði nautgriparæktar 15. apríl 2020

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 15. apríl 2020 og hófst kl. 10.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Andri Már Sigurðsson, Björn S. Gunnarsson, Hafþór Finnbogason, Margrét Gísladóttir, Sigtryggur Veigar Herbertsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Þórdís Þórarinsdóttir var sérstakur gestur fundarins undi lið 2.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýtt kynbótamat fyrir frjósemi
3. Umsóknir í þróunarsjóð
4. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar, sérstaklega nýjan fulltrúa í fagráði, Hermann Inga Gunnarsson, og nýjan stuðningsfulltrúa, Sigtrygg Veigar Herbertsson. Fundargerð síðasta fundar, dags. 28. febrúar 2020, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Nýtt kynbótamat fyrir frjósemi.

Þórdís Þórarinsdóttir kynnti niðurstöður úr meistaraverkefni sínu sem fjallar um nýtt kynbótamat fyrir frjósemi þar sem taka á tillit til fleiri þátta en bils milli burða. Markmið verkefnisins var að meta erfðastuðla frjósemiseiginleika í íslenskum kúm, arfgengi og fylgni eiginleika, meta fylgni milli frjósemi og afurða, kanna erfðaframfarir/erfðaþróun frjósemiseiginleika og koma með tillögu að nýjum frjósemiseiginleika í kynbótamat. Meðal niðurstaðna Þórdísar er að frjósemi í íslenska kúastofninum hefur verið að þróast á verri veg á síðustu 20 árum, sennilega einkum og sér í lagi með aukinni afurðagetu en neikvæð tengsl eru milli afurða og frjósemi. Við skoðun og mat á einstökum frjósemiseiginleikum kom í ljós að arfgengi er hæst á bili milli burðar og fyrstu sæðingar eða 6% fyrir fyrstu þrjú mjaltaskeiðin og næst hæst á bili milli burða eða 3,7%. Þetta er í takt við niðurstöður erlendis. Fylgni mismunandi mælikvarða á frjósemi milli mjaltaskeiða er mishá, hæst fyrir bilmælingarnar frá burði til fyrstu sæðingar, frá burði til síðustu sæðingar og bils milli burða en lægri fyrir eiginleika eins fanghlutfall við 1. sæðingu, fjölda sæðinga og bil frá fyrstu til síðustu sæðingar. Þá er mishá fylgni milli eiginleika þar sem hún er hæst milli bils milli burða og bili frá fyrstu til síðustu sæðingar, bil frá burði til fyrstu sæðingar og bili frá burði að síðustu sæðingu. Það er eðlilegt enda um tengdar mælingar að ræða. Athygli vekur að bil frá burði til fyrstu sæðingar hefur litla sem enga fylgni við fanghlutfall, fjölda sæðinga eða bil frá fyrstu til síðustu sæðingar. Fylgni milli frjósemi og afurða er ekki mikil en breytileg eftir mælikvörðum. Þórdís fór einnig yfir erfðaþróun fyrir frjósemi þar sem að fanghlutfall við 1. sæðingu hefur farið versnandi, fjöldi sæðinga á fæddan kálf hefur aukist, bil milli fyrstu og síðustu sæðingar og bil milli burða hefur lengst. Hins vegar hafa bil frá burði til fyrstu sæðingar og frá burði til síðustu sæðingar styst. Þetta þýðir að bændur byrja fyrr að sæða eftir burð en áður en það gengur verr að koma kálfi í kýrnar.

Þórdís lagði að lokum til að frjósemi verði metin á annan hátt en eingöngu með bili milli burða eins og reyndin er í dag. Hennar tillaga er að nota mælikvarða eins og fanghlutfall við fyrstu sæðingu hjá kvígum, bil milli burðar og fyrstu sæðingar fyrir fyrst þrjú mjaltaskeiðin og bil milli fyrstu og síðustu sæðingar fyrir fyrstu þrjú mjaltaskeiðin. Þórdís gerir ekki tillögu að vægi í nýrri kynbótaeinkunn fyrir frjósemi en leggur til að bil frá fyrstu til síðustu sæðingar hafi hæst vægi en þessi mælikvarði sýni getu kúnna til að festa fang.

Guðmundi, Sigtryggi og Þórdísi falið að koma með tillögu að vægi í nýju kynbótamati fyrir frjósemi. Jafnframt verði skoðað hvernig best verði staðið að innleiðingu þess í samráði við Elsu Albertsdóttur.

3. Umsóknir í þróunarsjóð.

Alls bárust 13 umsóknir upp á samtals 19.959.000 kr.

a. Óerfðabreytt og íslenskt? - fóðurgagnabanki kúafóðurs

Umsókn frá Verlag Alpha Umi UG. Verkefnisstjóri er Karólína Elísabetudóttir.

Markmið verkefnisins er að vekja athygli á þýðingu fóðurs úr óerfðabreyttum og helst íslenskum hráefnum og þá möguleika sem það gefur í markaðssetningu.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert en telur það ekki falla nægilega vel að markmiðum sjóðsins og leggur því til að umsókn um styrk verði hafnað.

b. Áhrif þroska við fyrsta burð á át og afurðir á 1. mjaltaskeiði

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Jóhannes Sveinbjörnsson.

Markmið verkefnisins er að bæta þekkingu á áhrifum af þroska kvígna á át og afurðir þeirra á fyrsta mjaltaskeiði og þar með á æviafurðir. Því er ætlað að verða grunnur að nýju rannsóknáttaki sem mun hafa það markmið að bæta árangur í uppeldi mjólkurkúastofnins.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið bæði áhugavert og mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um allt að 2.512.000 kr. og þar af væru 1.800.000 kr. ætlaðar til launa nemanda.

c. Útgáfa bæklings um gæðaframleiðslu íslensks nautakjöts

Umsókn frá Landssambandi kúabænda. Verkefnisstjóri er Höskuldur Sæmundsson.

Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni samkeppnishæfni framleiðslu nautakjöts, hagkvæmari framleiðslu og betri flokkun með útgáfu fræðsluefnis.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið bæði áhugavert og þarft og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 1.000.000.

Andri Már Sigurðsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir og Þórarinn Leifsson tóku ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

d. Þróun fjósbygginga og mjaltatækni 2017-19

Umsókn frá Landssambandi kúabænda. Verkefnisstjóri er Snorri Sigurðsson. Markmið verkefnisins er að fylgjast með og þekkja þróun fjósgerða og mjaltatækni hérlendis.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og þarft og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 250.000.

Andri Már Sigurðsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir og Þórarinn Leifsson tóku ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

e. Kálfadauði hjá fyrsta kálfs kvígum

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Auður Ingimundardóttir.

Markmið verkefnisins er að kanna viðhorf og upplifun bænda á kálfadauða hjá fyrsta kálfs kvígum og skoða áhrif bústjórnar, aðbúnaðar og fóðrunar á kálfadauða hjá fyrsta kálfs kvígum.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mikilvægt og áriðandi og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 1.000.000.

Guðmundur Jóhannesson og Hermann Ingi Gunnarsson tóku ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

- f. Kortlagning úrgangs, hliðar- og aukaafurða í landbúnaðartengdu matvælakeðjunni**
Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Berglind Ósk Alfreðsdóttir. Markmið verkefnisins er kortlagning á úrgangi, hliðar- og aukaafurðum frá helstu virðiskeðjum landbúnaðartengdu matvælakeðjunnar.
Afgreiðsla: Fagrád telur verkefnið áhugavert en að það falli ekki nægilega vel að markmiðum sjóðsins og leggur því til að umsókn um styrk verði hafnað.
Guðmundur Jóhannesson og Hermann Ingi Gunnarsson tóku ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.
- g. Sæðingar holdakúa – ný samstillingaraðferð og áhrif fóðrunar og þroska**
Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Ditte Clausen. Markmið verkefnisins er annars vegar að skoða hvort holdafar, fóðrunarástand og þroski kvígna hafi áhrif á árangur sæðinga með samstillingum og hins vegar að prófa nýja aðferð við samstillingar.
Afgreiðsla: Fagrád telur verkefnið áhugavert og mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 1.300.000.
Guðmundur Jóhannesson og Hermann Ingi Gunnarsson tóku ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.
- h. NCDX – skýjaþjónusta fyrir mjaltakerfi**
Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Jóhannesson. Markmið verkefnisins er að auka nákvæmni og gæði skýrsluhalds með söfnun viðbótarupplýsinga með rafrænum hætti úr mjaltakerfum ásamt því að auka norræna og alþjóðlega samvinnu hvað þann þátt varðar.
Afgreiðsla: Fagrád telur verkefnið bæði áhugavert og mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 2.200.000.
Guðmundur Jóhannesson og Hermann Ingi Gunnarsson tóku ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.
- i. Rekstur kúabúa – greining rekstrargagna og söfnun hagtalna**
Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Kristján Óttar Eymundsson. Markmið verkefnisins er að safna ítarlegum hagrænum tölum um mjólkurframleiðslu, veita kúabændum aðgengi að greiningu á sínum rekstri og samanburði við önnur bú ásamt því afla gagna til afkomuvöktunar.
Afgreiðsla: Fagrád telur verkefnið áhugavert og brýnt og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 2.000.000.
Guðmundur Jóhannesson og Hermann Ingi Gunnarsson tóku ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.
- j. Búum í sátt við náttúruna – fræðsluefni og vefsíða um náttúru- og umhverfismál**
Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Sigurður Torfi Sigurðsson. Markmið verkefnisins er að þróa vefsíðu þar sem safnað verður saman fræðsluefni um náttúru, lífríki og umhverfismál, sérsniðið að þörfum bænda, ásamt því að efla þekkingu og vitund bænda á umhverfismálum og náttúruvernd til að bæta búskaparhætti.
Afgreiðsla: Fagrád telur um þarft verkefni að ræða en telur að það falli ekki nægilega vel að markmiðum sjóðsins og leggur því til að umsókn um styrk verði hafnað.
Guðmundur Jóhannesson og Hermann Ingi Gunnarsson tóku ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.
- k. Greining á innleiðingu nákvæmnisbúskapar**
Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Sigtryggur Veigar

Herbertsson. Markmið verkefnisins er að fá góða yfirsýn yfir hvernig innleiðing nákvæmnisbúskapar verður best háttað héraðs og greina vel þá tengimöguleika sem nú eru fyrir hendi á milli búvéla og skýrsluhaldskerfinu Jörð.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mjög þarft og áhugavert og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 641.000 að því tilskyldu að þróunarsjóðir garðyrkjunnar og sauðfjárræktarinnar styrki verkefnið á sambærilegan hátt.

Guðmundur Jóhannesson og Hermann Ingi Gunnarsson tóku ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

l. COVID-19 tjónaskráning bænda

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Þorberg Þórður Þorbergsson. Markmið verkefnisins er

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið á mörkum þess að falla að markmiðum sjóðsins en verði skráningarkerfið nothæft til frekari tjónaskráninga í framtíðinni er það tillaga fagráðs að það verði styrkt um allt að kr. 277.000 að því tilskyldu að þróunarsjóðir garðyrkjunnar og sauðfjárræktarinnar styrki verkefnið á sambærilegan hátt.

Guðmundur Jóhannesson og Hermann Ingi Gunnarsson tóku ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

m. Kennslubók í nautgripærækt

Umsókn frá Snorra Sigurðssyni. Verkefnisstjóri er Snorri Sigurðsson. Markmið verkefnisins er að gefa út kennslubók í nautgripærækt á rafrænu og prentuðu formi til nota við kennslu í búfræði og fyrir starfandi nautgripa- og kúabændur.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið ákaflega áhugavert og fagnar því og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 1.700.000.

4. Önnur mál.

Hermann spurði út í þróun á skýrsluhaldskerfinu Huppu. Guðmundur svaraði því að stöðugt væri verið að vinna í Huppu en tími forritara væri takmarkaður og hægar gengi en menn vildu. Framtíðarsýnin væri hins vegar að gera Huppu að öflugri bústjórnartæki.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Andri Már Sigurðsson
(sign.)

Herdís Magna Gunnarsdóttir
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Sigtryggur Veigar Herbertsson
(sign.)

Hafþór Finnbogason
(sign.)

Margrét Gísladóttir
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 28. febrúar 2020
2. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar